

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1	Fatasaumur FAT103 Kennsluáætlun vorönn 2012	

Kennari: Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is **Sk.stöfun** **SÓL**
Viðtalstími: Miðvikudagur 12:10 - 12:50

Áfangalýsing:

Lögð er áhersla á vinnu með tilbúin snið og grunnsnið. Kennt að taka mál og framkvæma einfaldar sniðbreytingar og sniðútfærslur á grunnsniðum út frá eigin hugmyndum. Kennt að leggja snið á efni og merkja fyrir saumföllum. Nemendur læra á saumavél, sauma prufur og einfaldar flíkur. Lögð er megináhersla á að nemendur læri að fylgja verkinu eftir frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Kennslumarkmið:

Að námi loknu á nemandi að geta ákvarðað rétta sniðstærð eftir líkamsmálum, notfært sér tískublöð og tilbúin snið, lagt snið á efni, sniðið og saumað einfalda flík. Jafnframt á nemandi að hafa vald á möguleikum saumavélar, tólum og tækjum sem nauðsynleg eru við saumaskap og geta unnið eftir leiðbeiningum og vinnuteikningum.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnubók	6 prufur ásamt verklýsingum í möppu	15%
Flíkur	Þjár flíkur. Buxur 25% pils 25% frjálst verk. 15%	65%
Ástundun	Vinna í tímum, kennari fylgist með vinnubrögðum	15%
Mæting		5%

Nemandi skilar öllum flíkum og vinnubók í lok annar. Verk sem ekki eru sótt á prófsýnidag eru geymd í eitt ár en síðan er þeim fargað.

Vika	Vinnuáætlun	Verkefni
2	Kynning á tækjum og tólum sem tengjast fatagerð. Kennt að taka mál. Tískublöð skoðuð og lært að lesa úr máltölflum.	Prufa einfaldur utanávasi
3-4	Snið tekið upp úr blaði, kennt að leggja snið á efni, merkja fyrir saumföllum og sníða. Byrjað að sauma buxur.	Prufur: Vasi í saum, hliðarvasi og hnappagöt.
5-6	Buxur saumaðar og kláraðar í viku 6	Prufa: Rennilás í buxur.
7-8	Byrjað á annari flík, Nemandi lærir að teikna grunn af pils í ¼ útfærir eigin hugmynd í rétta stærð. Farið verður lítilsháttar í hugmyndavinnu og tiskuteiknun.	
9	Pils saumað í léreft mátað á gínu. Breytingar skráðar ef einhverjar.	
10-11	Pils sniðið og saumað í efni og fullklárað	
12-13	Flík þrjú frjálst val. Snið tekið upp úr blaði eða gömlu breytt í nýtt	Prufa: Hálsmaul og handvegur á ermalausum kjól
14-16	Flík þrjú saumuð og fullkláruð.	Vika 14 páskafrí
17	Frágangur. Nemendur stilla upp verkefnum sínum/gestum boðið að skoða.	

Námsgögn: Saumahandbók og tiskublöð í stofu G11. Ljósrit af verklýsingum fyrir prufur.
Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils